

Re: lod-125506

Til : Ólafur Melsted
Frá : haraldursig@ru.is
Heiti : Re: lod-125506
Málsnúmer : 201702203
Málsaðili : Haraldur Sigbórsson
Skráð dags : 28.02.2017 17:09:46
Höfundur : haraldursig@ru.is

Sæll,

Það var leitt að heyra. Nú var ég í raun með tvíþætta spurningu, þ.e. 2x45 ferm í stað 70+20 ferm skv. deiliskipulagi annars vegar og svo efri hluti landsins upp á 0,5 hektara og nýjan byggingarreit þar. Ég hefði viljað svar við hvorri spurningu fyrir sig.

Nú hef ég lesið aðalskipulagið og skil ekki, hvað menn telja ekki samræmist. Getur þú upplýst mig, hvaða málsgreinar þess er talið að samræmist ekki?

Varðandi niðurstöðuna þá hefði ég eftirfarandi aths:

1. Mjög mikilvægt fyrir mig að hafa aðalhús og gestahús af svipaðri stærð þ.a. aðstoðarmanneskja gisti í öðru húsinu og ég í hinu.
2. Efra landi var alltaf hugsað sem séreining og gat ég fengið það á sinni tíð og faðir minn sálugur ætlaði líka að endurnýja húsið á neðri hlutanum. Væri ekki einfaldlega hægt að fara þá leið nú, að selja það og viðkomandi kaupandi gæti þá deiliskipulagt það svipað og hefð er fyrir á þessu svæði? Hann fengi þá nýjan byggingarreit til að nota. Efra landi nýtist mér ekki eins og er.

kveðja,
Haraldur Sigbórsson

> On 28 Feb 2017, at 09:18, Ólafur Melsted wrote:

>

> Sælir

>

> Málið var tekið fyrir á fundi skipulagsnefndar í gær og gerð var eftirfarandi bókun:

>

> Skipulagsnefnd synjar erindinu þar sem það samræmist ekki ákvæðum aðalskipulags.

>

> Kv.Ólafur

>

> -----Original Message-----

> From: Haraldur Sigbórsson [<mailto:haraldursig@ru.is>]

> Sent: þriðjudagur, 28. febrúar 2017 00:56

> To: Ólafur Melsted

> Subject: Fs: lod-125506

>

> sæll,

>

> var málið tekið fyrir, og ef svo var, hver var niðurstaðan?

>

> kv. haraldur sigbórsson

>

>

> Frá: Haraldur Sigbórsson

> Sent: 20. febrúar 2017 21:40:21

> Til: Ólafur Melsted

> Efnir: Re: lod-125506

>

> Sæll,

>

> og takk fyrir fundinn 16. feb.

>

> hér er bréf til nefndarinnar ásamt ríssi af staðsetningu húsa á lóð 125506.

>

> læt deiliskipulagið fylgja.

>

> sendi svo undirritað bréf í pósti.